

Siglingaráð

31. fundur

Dags.: 03.03.2022, kl. 11:00 til 13:40 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Rebekka Hilmarsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Eyþór H. Ólafsson (SVP), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti),
Forföll: Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og máltæknimanna), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands),

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti) 3.09.2021
2. Fundargerð 30. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
3. Drög að öryggisáætlun sjófarenda 2022 (send með tölvupósti)
4. Öryggisáætlun sjófarenda 2022 og staða í árslok 2021 (KHM og ÁP)
 - a. „Atvik sjómenn“ staða kerfis (KHM)
 - b. Öryggisstjórnunarkerfi í fiskibátum
5. Lög og reglugerðir; breytingar í vinnslu
 - a. Áhafnalög
 - c. Slysavarnaskóli sjómanna
 - d. Vaktstöð siglinga
 - e. Hafnalög
 - f. Reglugerð um lyf og lækningatæki
 - g. Reglugerð um siglingaleiðir
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Há bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Ráðsmenn kynntu sig og hafa ekki allir fengið send skipunarbréf, verður ítrekað. Þorsteinn Þorkelsson er nýr áheyrnarfulltrúi Samgöngustofu.

- 1) **Fundargerð 30. fundar samþykkt.**
- 2) **2-3 Öryggisáætlun sjófarenda, staða 2021 og drög 2022.** KHM og ÁP kynntu stöðu síðasta árs sem var litað af covid. Um 2,5 m.kr runnu til yfirtöku á atvikaskráningakerfinu „ Atvik sjómenn“. Í kjölfarið var umræða um stöðu þess; þ.m.t. tengingar við kerfi EMSA en sú vinna er hjá Samgöngustofu. Kerfið verður einnig tengt Sjúkratryggingum. Samningar hafa verið gerðir um hýsingu og rekstur sem verður greiddur af Öryggisáætlun 3 m.kr. árlega. Verið er að ganga frá samningum við VÍS m.t.t. persónuverndar o.fl. Nokkur umræða varð um stöðuna á Safety Folder en samstarfið við Breta hefur því miður ekki verið á þeim forsendum sem væntingar stóðu til. Lítil kostnaður hefur orðið af verkefninu þar sem undirbúningur var unninn af þeim Hilmari og Ingimundi, auk Snæfríðar. Rætt var um mat á styrkumsóknum.
Drög að öryggisáætlun ársins 2022 eru hefðbundin. Gert er ráð fyrir þremur viðburðum á árinu og voru ráðsfolk beðið um hugmyndir að fyrirlesurum og þátttakendum. Til stendur að sjókonur fari í heimsóknir í framhaldsskóla í sjávarbyggðum á vegum verkefnisins „Konur og siglingar“ en 18 maí hefur verið tileinkaður sjókonum. Lagt var til að vekja athygli með einhverjum hætti á alþjóðadegi sjófarenda 25. Júní. Vonir standa til að vinna við aðlögun á Lækningahandbók sjófarenda hefjist með vorinu en komið er á samband við igs-shipping sem hefur fengið útgáfurétt á alþjóðlegri útgáfu, byggt á dönsku lækningahandbókinni. Nýjar hugmyndir eru uppi

um öryggisstjórnunarkerfi í fiskiskipum byggt á ISM ofl. Lagt var til að skipa lítinn hóp til þess að skoða möguleikana m.t.t. stöðu Safety folder. Styrkir til hugvitsmanna hafa verið auglýstir á vef Samgöngustofu, skilafrestur 15. maí. Vinnuhóp um mat á umsóknum skipa Rebekka, Herbert og Þorsteinn/ Gunnar Geir. Þau munu fara yfir og meta umsóknir og leggja til forgangsröðum þeirra.

- 4) Lög og reglugerðir; Eggert fór yfir stöðu lagafrumvarpa.
 - a) Mælt hefur verið fyrir áhafnalögum og eru þau í meðförum umhverfis- og samgöngunefndar sem hefur kallað hagsmunaaðila á sinn fund og óskað umsagna. Minnt var á mikilvægi þess að öryggisfræðsluskylda verði í lögnum.
 - b) Slysavarnaskóli sjómanna; breytingar snúa að gerð þjónustu samnings, uppfærslu heita, breytingum að skólastjórn og tengslum við Landsbjörg. Engar athugasemdir bárust við áform að á gátt.
 - c) Vaktstöð siglinga, Drögin verða kynnt á samráðsgátt á næstu dögum. Breyting lögð til á ákvæði sem snýr að heimild Vegagerðar til útboðs/ gerðar þjónustusamninga, ekki búist við að reyni á útboð þar sem mikillar sérhæfingar er krafist. Þá verður lagt til tilvísun til hlutverks vaktstöðvarinnar varðandi siglingavernd bætt við lögin sem og ákvæði um tilkynningarskyldu farþegaskipa um áætlaða siglingaleið.
 - d) Hafnalög, verið að innleiða reglugerð EB um þjónustu í höfnum og gagnsæi í fjármálum. Lögð verður til heimild til að veita „umhverfis“ afslætti (Bergen ofl hafnir), ákvæði um eldisgjald og rafræna vöktun í höfnum. Eftirlit með mannvirkjum í höfnum færast frá Samgöngustofu til Vegagerðar, í samræmi við framkvæmd. Aðrar breytingar eru: skilgreining á hafnarsvæði á sjó m.t.t. farþegaskipa og nýs skipulags hafs og strandsvæða og b) gjaldskrárákvarðanir hafna verða kæránlegar til Samgöngustofu. Nokkrar hafnir skilgreina stór svæði í hafnarreglugerð sem hafnarsvæði td. Reykjaneshafnir frá höfn fyrir Garðskaga og Reykjanes, og aðrar heila firði. Vakinn var athygli á Neyðarviðbrögðum m.t.t. mengunar þ.e. lögregla fer með löggæslu á hafnarsvæðum innan hafnargarða, á bryggjum en LHG utan hafnargarða svo sem leit og björgun á hafi ofl.
 - e) Reglugerð um siglingaleiðir. Eggert og Ásta eru að skoða reglugerðina. Skipafélög og skipstjórnamenn hafa lýst yfir áhyggjum. Lagt til að skoða að færa efri mörk í 30.000 tonn m.v. að skipstjóri hafi heimild Samgöngustofu til siglinga á innri leið og að hækka neðri mörk í 10.00 tonn. Þrátt fyrir heimildir LHG til að heimila siglingu á innri leið í neyð – þ.e. stafi hætta að , hefur einungis einn skipstjóri beðið um slíkt.
 - f) Reglugerð um lyf og lækningaáhöld er á lokametrum. Hefur verið uppfærð til nútíma með heimildum um rafrænar lausnir. Gott samstarf við Lyfjastofnun, heilbrigðisráðuneyti ofl. Ábending um umsjónarmann lyfjakistu. Verður send ráðsmönnum.
- 5) Önnur mál
 - a) Innt enn og aftur um stöðuna á nr. 463/1998, ákvæði um stimplun SGS á neyðaráættun um borð.
 - b) MLC vantar að innleiða viðauka 3 um . Mikilvægi þess á ófriðartímum. Forsenda þess að skip verði skrá á íslenska skipaskrá. Úkraínsk skip nú á neyðarstigi 3. Spurningar um heimflutning sjómanna á ófriðartímum ofl. Ítrekað að alþjóðlegar samþykktir verði birtar í heild með vísunum um hvar í íslenskum lögum ákvæði sé að finna sem myndi einfalda mikið fyrir þá sem þurfa að byggja á samningunum.
 - c) Fullgilding C188, verða ákvæði innleidd með áhafnarlögum? Talið að svo sé (ath kröfur um húsakynni sjómanna)
 - d) Samgöngustofa sagði að verið væri að samræma evrópskt regluverk í siglingum líkt og gert hefur verið í flugi gagnvart stöðunni í Úkraínu. Ath hægt er að banna hafnarkomur en ekki siglingar.
- 6) Önnur mál – IMO dagurinn er 29.09.2022 Grænar lausnir

Næsti fundur verður í apríl og verður boðaður í tölvupósti.

Áþ ritaði fundargerð.